

## **Fyrirtækjasmiðjan**

Helstu þættir námskeiðsins eru eftirfarandi:

### **Haustmisseri**

1. Bókfærsla/reikningshald. Valin verkefni um rekstur og reikningshald yfirfarin. Færð dagbók og uppgjör fyrirtækja með mismunandi rekstrarformi í tölvuveri. Verkefnin er unnin í Excel.
2. Fjármál einstaklinga. Hugtök og reikniformúlur sem eru mikilvæg til að geta tekið upplýstar fjárhagslegar ákvarðanir. Upplýsingar um neytendalán og atriði sem gott er að þekkja áður en fólk tekur lán
3. Rekstrarhagfræði. Farið verður yfir helstu viðfangsefni rekstrarhagfræðinnar.

### **Vormisseri**

Unnið er að rekstri fyrirtækisins alla vorönnina. Við rekstur fyrirtækjanna nota nemendur þá þekkingu sem þeir hafa hlotið á haustmisseri, t.d. bókfærslu, fjármálum og rekstrarhagfræði.

Á haustmisseri verður kynnt undirstöðuatriði í fjármálum einstaklinga, bókhalds og rekstrarhagfræði.

Á vormisseri felst áfanginn í því að nemendur mynda hópa og stofna sitt eigið fyrirtæki og reka. Vinna nemenda felst í því að halda utan um allt sem viðkemur fyrirtækinu. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda og ábyrgð þeirra á eigin námi.

### **Námsmat**

Um er að ræða símat byggt á frammistöðu nemenda í verkefnum, þátttöku í tímum, þátttaka í umræðum og gestaheimsóknum og ástundun nemenda.

Athugið að námsáætlunin og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar.